

## Menntun á forsendum jöfnuðar

Samfylkingin byggir menntastefnu sína á rótgrónum gildum jafnaðarmanna um jöfnuð og félagslegt réttlæti. Samfylkingin leggur áherslu á mikilvægt hlutverk menntunar í að auka jöfnuð í samfélaginu. Samfylkingin vill skapa skólakerfi sem veitir öllum tækifæri til þess að verða fullgildir þátttakendur í fjölbreytilegu samfélagi skapandi, starfandi og menntaðs fólks. Annað meginhlutverk skólanna er að flytja þekkingu á milli kynslóða. Verkefni Samfylkingarinnar er að gera þær breytingar á menntakerfinu, sem setja nemandann í öndvegi, með hliðsjón af grunnildum jafnaðarstefnunnar.

Markmið stefnunnar er að menntakerfið gefi öllum nemendum tækifæri til að virkja hæfileika sína, stuðli að alhliða þroska þeirra og veiti góðan undirbúning fyrir fjölbreytt störf og virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Samfylkingin leggur áherslu á menntun alla ævi og telur tímabært að menntamál njóti aukins forgangs í íslenskum stjórnámum enda er málaflokkurinn forsenda velferðar, þróunar og fjölbreytts atvinnulífs í landinu.

Samfylkingin styður stefnumótunina, Ísland 2020, um að hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið viðurkenndu starfs- eða framhaldsskólanámi á íslenskum vinnumarkaði lækki verulega. Brýnt er að fylgja þeirri stefnumótun eftir með aðgerðaáætlun sem gera vinnandi fólki kleift að bæta við sig menntun.

Samfylkingin vill engar aldurstakmarkanir í framhaldsskólakerfinu, allir aldurshópar og allir landsmenn eiga að hafa öruggt aðgengi að námi á framhaldsskólastigi, þá vill Samfylkingin að stefnt sé markvisst að því að framhaldsskólinn sé alveg gjaldfrjál og að námsgögn séu ókeypis, ekki síst með tilkomu rafrænna námsganga.

Áhrif foreldra á námsárangur og velferð nemenda eru ótvíræð. Leitað verði leiða til að gefa foreldrum tækifæri til aukinna áhrifa á nám barna sinna. Samstarf kennara og foreldra á ekki aðeins að byggja á upplýsingaflæði heldur einnig á samræðu og sameiginlegum ákvörðunum.

### Nemendamiðuð menntastefna

Samfylkingin leggur áherslu á að menntastefna stjórnvalda verði nemendamiðuð þannig að:

- Nemendum verði gefinn kostur á að nýta styrkleika sína, færni og áhugasvið með það að markmiði að allir stundi nám við sitt hæfi.
- Nemendur fái aukið svigrúm til að ráða námshraða og skipulagi náms í samræmi við námsgetu og áform í námi.
- Skipulag skóla og náms stefni að því marki að allir nemendur ljúki námi með brautskráningu.
- Nemendum sem fallið hafa brott úr skóla verði auðveldað að hefja nám að nýju.
- Réttindi nemenda verði tryggð í skóla margbreytileikans. Gefa þarf nemendum sem þurfa sérstakan stuðning eða skipulag í námi sínu vegna fötlunar, veikinda eða annarra örðugleika

tækifæri til að stunda nám á sínum forsendum með því að tryggja þeim viðeigandi leiðir, sem skila árangri. Nýttar verði markvisst gagnreyndar aðferðir í kennslu og námi til að tryggja nemendum bestu hugsanlegu námsaðstæður.

- Greina þarf og innleiða heildstæðar leiðir til að þjóna nemendum með mismunandi þarfir, jafnt nemendum sem glíma við náms- eða hegðunarerfiðleika og bráðgerum nemendum.
- Tryggja þarf að allar þær starfsstéttir sem þörf er á til að tryggja farsæld nemenda komi að þeirra málum, í skólanum eða í nánú samstarfi við hann. Ætíð skal hafa í huga að kennarar eru sérfræðingar í að skipuleggja nám og kennslu. Þegar nemendur stríða við fjölþættan vanda þarf að koma til kunnáttu og færni annarra starfsstétta til að finna heildstæða lausn á vanda nemenda.
- Stuðlað verði að frekari þróun dreifnáms og sveigjanlegs náms í því skyni að jafna aðgengi landsmanna að námi á öllum skólastigum.
- Samfylkingin vill auka samvinnu skóla og miðlun þekkingar um árangursríkar og fjölbreyttar aðferðir við kennslu. Notkun upplýsingatækni, öflug starfsþróun kennara og aðgangur að fjölbreyttri kennsluráðgjöf eru allt leiðir sem styðja við nemendamiðaða stefnu. Tryggja þarf í námi kennara að tekið sé tillit til þessara sjónarmiða.
- Leggja þarf áherslu á að börn með skerta heyrn fái tækifæri til þess að öðlast virkt tvítyngi íslensku og íslensks táknmáls. Vald á íslensku táknmáli er grunnur menntunar, lífsgæða og sjálfsmýndar heyrnarskertra barna.

### **Árangursríkara menntakerfi**

**Samfylkingin vill setja á fót formlegan samstarfsvettvang ríkis og sveitarfélaga, skólafólks, nemenda, foreldra og aðila vinnumarkaðarins sem hafi það hlutverk að móta tillögur um heildstæðar umbætur í menntamálum með það fyrir augum að að efla skólastarf, auka árangur menntakerfisins, draga úr endurtekningu námsefnis á mörkum skólastiga og gera kennarastarfið að vel launuðum og eftirsóknarverðum starfsvettvangi**

- Á þeim vettvangi verði m.a. tekin fagleg afstaða til hugmynda um að stytta viðmiðunarnámstíma í skólakerfinu öllu og til flutnings framhaldsskóla til sveitarfélaga, þar sem það er talið þjóna hagsmunum nemenda og samfélags. Samfylkingin leggur áherslu á að fjármagn sem kann að sparast með aukinni skilvirkni verði nýtt til að styrkja innra starf skólanna, þar með talið til að bæta starfskjör kennara og skólastarfsfólks; fækka í námshópum framhaldsskóla, bæta aðbúnað og tækjakost í skólum, ýta undir fjölbreytta kennsluhætti og styðja frekara þróunarstarf í skólum. Skoða þarf markvisst fjölgun styttri námsbrauta til starfsréttinda.
- Samfylkingin vill leggja sérstaka áherslu á eflingu framhaldsskólastigsins þar sem margir skólar eru komnir að þolmörkum vegna aðhaldsaðgerða á undanförunum árum. Tryggja þarf opið aðgengi allra landsmanna og allra aldurshópa að námi á framhaldsskólastigi.

### **Aukið vægi verk, list – og tæknigreina**

**Stefnt skal að því að efla kennslu í stærðfræði, raungreinum og tæknigreinum, bæði á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi. Skilningur á raunheiminum sem og á hverskyns tölugögnum og tækni er hverjum nemanda nauðsynlegur undirbúningur fyrir lífið. Jafnframt eflir hann áhuga á**

**störfum sem byggja á raungreinum og tækni, en slíkum störfum mun fjölga með aukinni tæknivæðingu atvinnulífsins. Þá er mikilvægt að nýta skapandi greinar í námi barna og ungmenna til að virkja sköpunarkraft þeirra, víðsýni og hæfileika til að fara fjölbreyttar leiðir við lausn viðfangsefna.**

- Efla þarf framboð á verk-, tækni- og listnámi í grunnnámi barna og ungmenna á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi
- Leggja þarf höfuðáherslu á jafnt aðgengi allra barna að verk-, tækni- og listnámi, ekki síst barna af erlendum uppruna.
- Gera þarf skólum kleift að fjárfesta í búnaði til verk, list- og tæknikennslu.
- Auka þarf kynningu fyrir nemendum og forráðamenn þeirra á rúmlega 100 námsbrautum sem í boði eru í slíkum greinum og gera hana aðgengilega.
- Til að fjölga nemendum í verk- og tækninámi er nauðsynlegt að efla samstarf milli skóla, atvinnulífs og samtaka foreldra um kynningu fyrir nemendum á fjölbreyttum verklegum störfum í íslensku atvinnulífi, innan skóla og á vinnustöðum og stuðla að opnari framhaldsskóla og nýsköpun í kennsluháttum þar sem námsefni er tengt atvinnulífinu í auknum mæli.

#### **Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi**

**Samfylkingin vill hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun til að minnka brotthvarf nemenda úr skólakerfinu. Markmið áætlunarinnar er að brotthvarf í framhaldsskólum minnki verulega. Tryggja þarf að sem allra flestir nemendur ljúki grunnskólanámi á sínum forsendum og finni sér nám við hæfi í framhaldsskólakerfinu a.m.k. fram að 18 ára aldri þannig að þeir eigi auðveldlega afturkvæmt inn í skólakerfið. Aðgerðaáætlunin byggir m.a. á eflingu nemendamiðaðs náms í grunn- og framhaldsskólum, aukinni áherslu á læsi í víðri merkingu, auknu vægi verk-, tækni- og listnáms til að mæta ólíkum þörfum nemendahópsins, meiri áherslu á verkefnabundið nám og auknu fjármagni til þróunarstarfs innan skóla. Strax í grunnskóla verði skimað fyrir áhættuþáttum brotthvarfs sem fylgt verði eftir með markvissum stuðningi og samstarfi fagstétta í þágu viðkomandi barna.**

- Markvisst verði unnið að því um allt land að tryggja einstaklingsmiðaða þjónustu fyrir þau ungmenni sem hverfa úr námi, til að tryggja virkni og þátttöku þeirra í samfélaginu og gera þeim kleift að snúa aftur í nám við hæfi hvers og eins og með viðráðanlegum kostnaði.
- Sérstaklega þarf að greina hvernig draga megi úr miklu brotthvarfi nemenda af erlendum uppruna, skoða þarf áhrif þess að oft fá nemendur ekki tækifæri sem skyldi að rækta móðurmálþekkingu sína. Í aðgerðaráætlun Samfylkingarinnar í málefnum innflytjenda er lögð sérstök áhersla á að menntun er mikilvægasti þátturinn í að tryggja virka þátttöku innflytjenda í samfélaginu og framlag þeirra til þess. Það gildir jafnt um fullorðna innflytjendur og um börn fólks af erlendum uppruna. Frekari aðgerðir eru skilgreindar í áðurnefndri aðgerðaáætlun.

### **Innihaldsríkur skóladagur yngstu barna**

Jöfnuður og félagslegt réttlæti í menntamálum birtist í þeirri framtíðarsýn jafnaðarmanna að öll börn eigi þess kost að sækja leikskóla, þar sem mikilvægi hins frjálsa leiks er nýtt í öllu starfi. Sterkar grunnstoðir lesturs og lesskilnings eru lykillinn að sjálfstrausti og farsæld barna á menntabrautinni út í lífið. Mikilvægt er að greina málþroska á fyrstu árum leikskólans og beita snemmtækri íhlutun til að aðstoða börn sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda, s.s. með örvun málþroska, byggingu orðaforða, og undirbúningi fyrir lestrarnám.

- Leið jafnaðarmanna er að gera skóladag yngstu barnanna innihaldsríkan. Nám, íþróttir, leikur, listir og félagsfærni fléttast saman í uppbyggilegu frístundastarfi í bland við skóladaginn. Samfylkingin vill sjá þátt sköpunar meiri í skólastarfi í takt við nýja menntastefnu, með áherslu á fjölbreytt menningaruppeldi nemenda. Ríki og sveitarfélög leiti leiða til að þróa samstarf listafólks og skóla, auka veg vandaðs framboðs barnamenningar sem skólum stendur til boða og að börn geti sótt listnám á skólatíma á sem hóflegustu verði.
- Leikskólinn þarf að vera tilbúinn til þess að taka við börnum strax að loknu fæðingarorlofi til að tryggja öryggi barna og foreldra þegar foreldrarnir fara aftur til starfa sinna að loknu fæðingarorlofi sem þarf að vera a.m.k. 18 mánuðir (*Ath. samræmi við velferðartillögu*).

### **Samþætting skóla og frístundastarfs**

**Samþætta þarf betur skólastarf við íþróttir – og tómstundastarf með virkum samráðsvettvangi menntamála, æskulýðshreyfingar og íþróttir- og tómstundastarfs.**

- Tryggja þarf að rammalöggjöf um starfsemi félagsmiðstöðva og frístundaheimila verði að veruleika. Slík löggjöf treystir stoðir þessa mikilvæga starfs. Tryggja þarf veg tómstunda- og félagsmálafræðinámsins og bjóða upp á fleiri starfsmöguleika fyrir tómstunda- og félagsmálafræðinga. Það er afar mikilvægt að við fáum þá til starfa innan skólanna til að starfa á jafnréttisgrundvelli við hlið kennara og annarra starfsstétta sem vinna í skólum til að efla þar hinn frjálsa leik, félagsfærni og skipulagt tómstundastarf.

### **Mannbætandi skóli**

Samfylkingin styður þær áherslur á grunnþætti menntunar í nýjum aðalnámskrám, sem eru læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Stórefla þarf fræðslu um fordóma, þ.m.t. kynþáttafordóma og vinna gegn óæskilegum áhrifum staðalímynda á bæði stráka og stelpur. Umræður sem kennsluáðferð ýtir undir gagnrýna hugsun og tjáningu sem ætti að efla á öllum skólastigum. Vinna þarf markvisst að því að efla þjálfun til lýðræðislegra starfshátta í skólakerfinu, m.a. með því að nemendur fái aukin tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og skólaumhverfið á öllum skólastigum.

### **Fullorðins- og framhaldsfræðsla**

Tryggja þarf rétt almennings til framhaldsfræðslu og starfsþróunar m.a. með eflingu raunfærnimats og stuðningi við net símenntunarmiðstöðva. Stuðlað verði að auknu samstarfi og samfellu í starfi símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og háskóla og það tryggt að þau sjálfsögðu mannréttindi að fara í nám á fullorðinsaldri án óyfírstíganlegs kostnaðar séu varin og óþarfar aldurstakmarkanir setji ekki skorður á starfsþróun fólks.

- Leita þarf víðtæks samstarfs við skóla og aðila vinnumarkaðarins um fjölgun möguleika fyrir einstaklinga á vinnumarkaði sem vilja snúa aftur í nám. Auka þarf fjölbreytni valkosta í framhaldsnámi með þróun nýrra námsbrauta. Þar verði m.a. skoðaðar leiðir sem gefist hafa vel í öðrum löndum, t.a.m. fagskólar og lýðskólar.

## **Öflugir háskólar**

**Háskólamenntun er forsenda atvinnuþróunar, hagsældar og velferðar í samfélaginu.**

- Efla þarf háskóla í landinu til að þeir standist áfram samjöfnuð við alþjóðlega háskóla varðandi kennslu og rannsóknir. Hækka þarf framlög til háskóla til að jafna stöðu þeirra gagnvart háskólum sem við berum okkur saman við.
- Auka þarf samstarf og verkaskiptingu háskóla í landinu með það fyrir augum að auka gæði og fjölbreytni náms samhliða því að tryggja jafnt aðgengi að námi óháð búsetu, efnahag eða félagslegri stöðu. Setja þarf mælistikur um skilvirkni háskóla, þ.m.t. um hámark námstíma og brotthvarf nemenda.
- Stuðlað verði að formlegu samstarfi allra háskóla í landinu um framtíðarstefnumótun háskólastigsins. Þar verði m.a. hugað að samræmdu rekstrarformi háskólanna, fjármögnun háskólastofnana, kennslu og rannsókna, aukinni sérhæfingu eftir fræðasviðum, og tengslum við atvinnulíf og samfélag.
- Tryggja þarf háskólum og rannsóknarstofnunum grunnframlög til rannsókna innan hvers fræðasviðs. Að öðru leyti verði opinberu rannsóknarfé úthlutað á grundvelli samkeppni og jafningjamats. Tryggja þarf nýliðun í vísindastarfi með því að veita yngri vísindamönnum tækifæri til aðgangs að rannsóknarfé.
- Fram fari vönduð greiningarvinna á gæðum og hagkvæmni þess að sameina opinberu háskólananna; á svipaðan hátt verði skoðað á faglegan hátt hvort auka megi sérhæfingu hvers háskóla.
- Samfylkingin telur það vera á ábyrgð ríkisins að fjármagna grunnmenntun allra á háskólastigi á viðurkenndum fræðasviðum. Samfylkingin telur brýnt að gæta jafnræðis varðandi kostnaðarþátttöku nemenda á mismunandi skólastigum.
- Samfylkingin hafnar skólagjöldum í opinberum háskólum og vill að skrásetningargjöld séu hófleg.

## **Efling samkeppnissjóða**

**Samfylkingin leggur áherslu á að framlög til samkeppnissjóða á Íslandi verði aukin enda eru þeir árangursríkasti farvegur fyrir stuðning við vísindastarfsemi og nýsköpun í landinu.**

- Stefna ber að því að framlög opinberra aðila og einkaaðila til rannsókna og þróunar nái 4% af landsframleiðslu árið 2020. Samfylkingin leggur áherslu á samræmt gæðamat með fjármögnun og eftirfylgni með vísindarannsóknnum á Íslandi, í því skyni sé það skoðað að allir opinberir rannsóknarsjóðir séu sameinaðir Rannsóknasjóði eða Tækniþróunarsjóði.

## **Bætt námslánakerfi**

**Lánasjóður íslenskra námsmanna er ein af grunnstoðum menntakerfisins hvað varðar jöfnun tækifæra til náms.**

- Samfylkingin vill að teknað verði upp að nýju samtímagreiðslur námslána og mótuð verði áætlun um innleiðingu þeirra. Samfylkingin vill að framfærslulán Lánasjóðs íslenskra námsmanna dugi til viðunandi framfærslu til þess að hvetja fólk til náms, enda er eðlilegt að námslán miðist við að fullt nám er full vinna. Nám er fjárfesting fyrir þjóðfélagið í heild og því leggur Samfylkingin áherslu á að hluta námslána verði breytt í styrk ef lánþegi lýkur námi sínu á tilskildum tíma.
- Hækkað verði frítekjumark námsmanna til að koma til móts við námsmenn sem vilja stunda vinnu í námsleyfum, án þess að sæta stórfelldum skerðingum lána.
- Námslán falli niður við eftirlaunatöku og falli ekki á ábyrgðamenn á eftirlaunaaldri.

### **Mikilvægi íþróttar og æskulýðsstarfs**

- Samfylkingin telur íþróttastarf afar mikilvægt. Innan íþróttahreyfingarinnar er unnið mikilvægt starf af stórum hópi sjálfboðaliða. Íslensk íþróttahreyfing á íþróttafólk sem stendur framarlega í flokki á heimsvísu og afreksfólk íþróttar eru mikilvægar fyrirmyndir. Íþróttastarf má ekki verða of afreksmiðað, heilbrigð félagsstarfsemi íþróttafélaganna verður áfram að vera metin að verðleikum svo og lýðheilsulegt hlutverk íþróttaiðkunar.
- Æskulýðsstarf þarf að vera í stöðugri þróun. Tryggja þarf að jafnræðis sé gætt svo að allar greinar þess sitji við sama borð.
- Gæta þarf að jafnrétti kynjanna í öllu íþróttastarfi.